


Kortavelta erlendra ferðamanna í apríl

Gengisáhrif krónunnar á erlenda kortaveltu

Í apríl nam erlend greiðslukortavelta 18,6 milljörðum króna samanborið við 14,6 milljarða í sama mánuði í fyrra en um er að ræða 27,7% vöxt á tímabilinu. Þó ríflega fjórðungs vöxtur sé vissulega töluverð aukning virðist þó nokkuð vera að draga úr þeim mikla hlutfallsvexti sem hefur verið á kortaveltu ferðamanna undanfarin misseri. Vöxtur síðustu þriggja mánaða (febrúar til apríl) frá sama tímabili í fyrra hefur verið 29% en að meðaltali var árlegur hlutfallsvöxtur síðustu 12 mánuði þar á undan 52%. Vöxturinn í apríl er einnig minni í krónum talið en frá apríl 2016 jókst kortaveltan um 4 milljarða samanborið við 5,3 milljarða í apríl í fyrra.



Gengi krónunnar var 17,5% hærra gagnvart helstu viðskiptagjaldmiðlum í apríl síðastliðnum borið saman við apríl 2016. Ekki er ótrúlegt að sterkara gengi eigi sinn þátt í því að kortavelta vex minna núna en áður. Til að setja gengisstyrkinguna í samhengi má segja að kortavelta erlendra ferðamanna í apríl hafi aukist um 50% mælt í viðskiptagjaldmiðlum Íslands samanborið við áður nefnd 27,7% mælt í íslenskum krónum.

Mest jókst erlend kortavelta í bensín, viðgerðir og viðhald, um 76,5% og dagvöruverslun 66,2% í apríl síðastliðnum. Aukning erlendra kortaveltu dagvöruverslana umfram aðra liði kann að vera til marks um breytt neyslumynstur erlendra ferðamanna en undanfarna mánuði hefur hlutfallsleg aukning erlendra kortaveltu dagvöruverslana verið töluvert meiri en á erlendri kortaveltu alls.

Stærsti einstaka liður kortaveltu erlendra ferðamanna eru farþegaflutningar með flugi og nam kortavelta aprílmánaðar 4,5 milljörðum króna og jókst um 38,1% frá apríl í fyrra. Sem fyrr er vakin athygli á því að hluti erlendra starfsemi innlendra flugfélaga er innifalinn í tölunum.

Erlendir ferðamenn greiddu 33,9% meira með kortum sínum til hótela og gistiheimila í apríl síðastliðnum samanborið við sama mánuð í fyrra. Kortavelta flokksins nam 3,3 milljörðum í apríl samanborið við 2,5 í apríl 2016. Þá var kortavelta veitingastaða 1,9 milljarðar króna í apríl eða 34,3% meiri en í sama mánuði í fyrra.

Aukning kortaveltu í flokknum ýmis ferðaþjónusta sem inniheldur meðal annars þjónustu ýmissa ferðaskipuleggjenda, dagsferðir og fleira var 13% í apríl og nam 2,5 milljörðum í apríl í ár samanborið við 2,2 milljarða í sama mánuði 2016.

Líkt og áður sagði var dagvöruverslun ferðamanna lífleg í apríl en heldur minni vöxtur varð í öðrum flokkum verslunar í mánuðinum. Þannig jókst fataverslun um 27,7%, gjafa- og minjagripaverslun um 19,3% og tollfrjáls verslun um 32,6%. Önnur verslun dróst saman um tæplega 1% frá apríl í fyrra.

Fjöldi ferðamanna um Keflavíkurflugvöll samkvæmt mælingu ferðamálastofu var ríflega 153.500 í apríl síðastliðnum samanborið við 94.900 ferðamenn í apríl í fyrra. Um er að ræða 61,8% aukningu á milli ára.

<i>apríl</i>	2016 (millj. kr.)	2017 (millj. kr.)	12 mán. Breyting (%)
Alls	14.594	18.641	27,7
1 Gistipjónusta	2.464	3.300	33,9
2 Veitingapjónusta	1.420	1.907	34,3
3 Farþegaflutningar	3.278	4.495	37,1
4 Ýmis ferðapjónusta	2.234	2.526	13,1
5 Bensín, viðgerðir og viðhald bifreiða	396	699	76,5
6 Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	1.283	1.589	23,8
7 Menningar-, afþreyingar og tómstundastarfsemi	306	369	20,9
8 Ýmis önnur þjónusta	768	861	12,2
9 Verslun	1.597	2.033	27,3
10 Opinber gjöld o.fl.	17	19	12,7
20 Úttektir á reiðufé	832	844	1,4

Talngögn - flokkuð eftir útgjaldaliðum

Kortavelta eftir þjóðernum

Ef miðað er við fjölda erlendra ferðamanna um Keflavíkurflugvöll greiddi hver þeirra að jafnaði með greiðslukorti sínu fyrir 121 þús. kr. í apríl, eða um 3% meira en í mars. Það er um 21% lægri upphæð en í sama mánuði í fyrra.

Ferðamenn frá Bandaríkjunum greiddu að jafnaði hæstar fjárhæðir með greiðslukortum sínum í apríl eða 168 þús. kr. á hvern ferðamann. Kanadamenn eru í öðru sæti með 162 þús. kr. á hvern ferðamann. Svisslendingar koma þar næst með 152 þús. kr. á mann.

Velta eftir þjóðernum ræðst meðal annars af því hversu löng dvölin hér á landi er og hvort greitt hafi verið fyrir ferðina áður en komið er til


landsins auk þess sem mismunandi er í hve miklum mæli ferðamenn greiða með

<i>apríl, 2017</i>	Meðalvelta á ferðamann (þús. kr.)
Alls	121
Bandaríkin	168
Bretland	81
Danmörk	111
Finnland	68
Frakkland	123
Holland	126
Ítalía	87
Japan	72
Kanada	162
Kína	61
Noregur	119
Pólland	21
Rússland	144
Spánn	95
Sviss	152
Svíþjóð	88
Þýskaland	94
Önnur lönd	135

greiðslukortum. Þá þarf að hafa í huga að tölur um fjölda ferðamanna um Keflavíkurflugvöll ná ekki til allra þeirra sem koma til landsins.

Í því talnaefni sem Rannsóknasetur verslunarinnar hefur yfir að ráða er nánar hægt að greina kortaveltu erlendra ferðamanna eftir útgjaldaliðum og þjóðerni.

Greiðslukortavelta á hvern erlendan ferðamann eftir mánuðum



Um kortaveltu ferðamanna

Rannsóknasetur verslunarinnar birtir mánaðarlega tölur um greiðslukortaveltu ferðamanna sundurliðaða eftir útgjaldaliðum og útgáfulandi korta. Gögnunum er enn fremur skipt eftir því hvort um er að ræða erlend eða innlend greiðslukort. Gögnin innihalda færslur bæði debet- og kreditkorta. Birtar eru upphæðir í íslenskum krónum ásamt hlutfallsbreytingum frá fyrri mánuði og sama mánuði fyrra árs.

Gögnin eru fengin frá innlendum færsluhirðingaraðilum, sundurliðuð eftir svonefndum MCC kóðum. MCC kóðarnir eru aftur greindir í flokka eftir því hvernig þeir eru taldir tengjast mismunandi greinum ferðaþjónustu. Gögnin lýsa kortaveltu eftir kaup tímabilum (almanaksmánuðum) en ekki eftir uppgjörstímabilum.

Nánari upplýsingar veitir Árni Sverrir Hafsteinsson, arni@bifrost.is eða í síma 868-4341.